

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.
3. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 26 ÁGÚST 2011

FUNDARGERÐ.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Orlofsmál.

Í dag eru til hjá RSÍ 17 tjaldvagnar og hefur nýtingin á þeim verið mjög góð. Í fyrra var samþykkt að selja 3 vagna og verður það gert núna í haust. Einnig verða 3 svokallaðir Ægisvagnar auglýstir til sölu, og í staðinn keyptir 3 nýjir vagnar, samþykkt að kaupa nýja vagna en fækka vögnum vegna skorts á húsnæðisaðstöðu.

Á Einarstöðum er unnið að kappi við hitaveitulögnina, og er hún komin langleiðina. Unnið er að útboðsgögnum varðandi palla og stækkun á verönd, sem síðan verður boðið út í einum pakka og allir pottar og verandir eins.

Þá er einnig verið að bjóða út framkvæmdir við lagnir innanhúss.

Ráðgert er að ráðast í framkvæmdir við raflagnir á svæðinu, en núverandi kerfi er þannig að öll húsin eru "raðtengd".

Einnig þarf að ráðast í endurnýjun á frárennislögnum.

Á Einarstöðum má segja að allt sé í fullum gangi, og heilt yfir ganga framkvæmdir vel.

3. Staða kjarasamninga.

Búið er að ganga frá og klára flesta kjarasamninga. Þó er eftir að semja við Norðurál, Kögun og Norðurorku.

Félagsmenn á Landsnetsamningnum felldu sinn samning, og eru viðræður í gangi.

Þá gildir samningur sem gerður var við HSorku einnig fyrir starfsmenn fyrirtækisins á Suðurnesjum. Þ.e. þeim er nú heimilt að ganga inní samninginn ef þeir hafa áhuga á því. Nýjir starfsmenn sem ráðnir verða á Suðurnesjum verða sjálfkrafa settir á þennan samning.

Unnið er að vinnustaðasamningi við RÚV. Búið er að skilgreina launatöfluna, og verið að klára vinnu við samningin þessa dagana.

4. Endurskoðun iðnaðarlaga.

Kynnt voru “drög” að svari iðnaðarmannafélaganna við erindi Iðnaðarráðuneytisins vegna endurskoðunar á iðnaðarlögum.

5. Starfsemin (helstu tölur)

Kynnt var tekjuuppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði þessa árs þ.e. janúar til júní. Tekjuaukning þessa fyrstu 6 mánuði er 5,9%.

Á sama tíma hafa útgjöld styrktarsjóðs aukist um 11,7% þessa sömu mánuði. Mest aukning hefur orðið í útgreiðslu á sjúkradagpeningum eða alls 31,5%. Eins er talsverð aukning á ferðastyrkum og líkamsrækt og forvarnarstarfi. Aukning ferðastyrkja er 41% og líkamsræktar 24%

Almennt eru félagsmenn mjög ánægðir með svæðið á Apavatni.

6. Árshátíðarstyrkur til starfsmannafélagsins.

Samþykkt að veita þennan styrk áfram.

7. Launakönnun.

Samþykkt var að láta gera launakönnun eins og undanfarin ár. Fá sama aðila, Capacent, til að framkvæma hana.

8. Styrkbeiðni vegna bókaútgáfu.

Sambandinu hefur borist styrkbeiðni vegna útgáfu bókar um “frumkvöðla í útvarps-og rafeindavirkjun”

Erindinu vísað til Félags rafeindavirkja.

Jafnframt var samþykkt að skoða með að kaupa nokkrar bækur þegar þær verða komnar út.

9. Erlent samstarf.

Samþykkt að halda áfram erlendu samstarfi eins og undanfarin ár. Ýmsir fundir eru á döfenni núna í haust, og er það í höndum formanns hverjir sækja þá fundi og hvaða.

10. Önnur mál.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 þarf að vera tilbúinn fyrir næsta fund, og kostnaðaráætlun vegna framkvæmda sem áætlað er að ráðast í á næsta ári.

Átakið gegn skattsvikum og svartri vinnu hefur tekist vel, og skilað talsverðum árangri. Verið er að skoða í afgreiðslukassa og fleira hjá hinum ýmsu fyrirtækjum.

Tölur yfir árangurinn verður gerður opinber í lok september. Óvíst er með framhald á þessu átaki. Miðstjórnarmenn samþykki áframhaldi vinnu ef tölur sína góðan árangur.

Unnið er að framkvæmdum við golfvöllinn hjá Dalbúum og samþykkt að veita þeim styrk vegna þess. En styrkbeiðni er væntanleg á næstu dögum.

Stefán Guðmundsson óskar eftir að losna úr menntanefnd ASÍ. Guðmund Gunnarsson tekur sæti í nefndinni í hans stað.

Rætt var um uppsetningar á fleiri öryggismyndavélum á Apavatnssvæðinu. Í dag er aðeins 1 vél á svæðinu. Samþykkt að setja upp fleiri vélar, ekki síst vegna þess að svæðið verður starsmannalaust í vetur.

Eins var rætt um, hvort rétt væri að koma upp internettengingum í öll orlofshúsin. Engin ákvörðun tekin á þessum fundi.

Sæmilega góð nýting er á íbúðinni í Kaupmannahöfn og samþykkt að hafa hana í leigu allavega út þetta ár.

Búið er að setja upp og tengja afruglara frá Stöð 2 í íbúðirnar bæði í Reykjavík og á Akureyri. Þar geta félagsmenn keypt sér aðgang að dagskrá Stöðvar 2 ef þeir vilja, meðan þeir dvelja í íbúðunum.

Trúnaðarráðstefna RSÍ verður haldinn á Selfossi dagana 27 og 28 október n.k. Ekki er búið að ganga frá endanlegri dagskrá.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.40

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.